

## 308. fundur

Miðvikudaginn 5. febrúar 2025, kl. 15:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 306 og 307 samþykktar.

### 2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús frá síðustu verðlagningu, sem tók gildi 1. október og byggði á verðlagsgrundvelli septembermánaðar. Kostnaðarliðir hins nýja verðlagsgrundvallar hafa hækkað um 0,46% frá september til desember 2024. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi í desember 2024. Ákveðið að framvegis verði hinn nýi verðlagsgrundvöllur notaður við verðlagningu.

### 3. Verðákvörðun

Í kjölfar niðurstöðu verðlagsgrundvallar var samþykkt að lágmarksverð til bænda verði hækkað um 0,46% í febrúar. Fulltrúar ASÍ og BSRB sátu hjá. Ákveðið að farið verði yfir niðurstöður iðnaðarlíkans á næsta fundi og að ákvörðun um tímasetningu gildistöku verðlagningar til bænda verði gerð samhliða ákvörðun um heildsöluverð mjólkurvara.

### 4. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur

Frestað til næsta fundar.

### 5. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur verður haldinn 7. febrúar kl. 11.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson